

# Lykilupplýsingar fyrir fjárfesta

Í skjali þessu er að finna lykilupplýsingar fyrir fjárfesta um þennan sjóð. Skjalið er ekki markaðsefni. Upplýsingar þessar eru settar fram á grundvelli laga til að hjálpa þér að skilja eðli og áhættu þess að fjárfesta í þessum sjóði. Þér er ráðlagt að lesa skjalið svo þú getir tekið upplýsta ákvörðun um hvort rétt sé að fjárfesta í sjóðnum.



## The Colchester Global Bond Enhanced Currency Fund

### Hlutdeildarflokkur: USD Hedged Accumulation Class - I Shares

(ISIN: IE00BD6SNF43), (Gjaldmiðill: USD), (Númer: TUHA)

undirsjóður The Colchester Multi-Strategy Global Bond Fund plc.

### Markmið og fjárfestingarstefna

Sjóðurinn stefnir á að skapa tekjur og auka fjárfestingarupphæðina með því að fjárfesta í gjaldmiðlum og fjölbreyttu safni ríkisskuldabréfa víða að úr heiminum.

Sjóðnum er stýrt með virkum hætti gagnvart vísitölunni FTSE World Government Bond Index („viðmiðið“).

Sjóðurinn getur fjárfest í skuldabréfum (þar á meðal kunna að vera verðbólgutengd skuldabréf) sem gefin eru út af stjórnvöldum, ríkisstofnunum og yfirþjóðlegum stofnunum (eins og Alþjóðabankanum), óháð því hvort slík skuldabréf eru hluti af viðmiðinu.

Sjóðurinn leitast hins vegar við að kaupa skuldabréf með svipaða eiginleika og þau sem eru hluti af viðmiðinu, en fjárfestingarstefnan kann að leiða til mikilla frávikna frá viðmiðinu hvað varðar vægi landa og gjaldmiðla og tímalengd, sem getur valdið því að afkoma sjóðsins verði mjög ólík afkomu viðmiðsins. Sjóðurinn getur fjárfest í gjaldmiðlum með því að nota samninga á númeraði sem og framvirkum markaði, svo sem framvirka gjaldeyrissamninga (samninga um að kaupa eða selja gjaldeyri á tilgreindum tíma í framtíðinni á fyrirfram samþykktu verði).

Sjóðurinn mun beita „gnótt- og skortstöðum“. Sjóðurinn mun leggja allt að 130% í gnóttstöður í gjaldeyri sem aukast að virði um leið og virði gjaldmiðilsins eykst og 30% í skortstöður í gjaldeyri með því að nota afleidda fjármálageninga sem lækka í virði þegar virði gjaldmiðilsins eykst. Allt að 20% af fjárfestingum sjóðsins geta verið of lakar að gæðum til að teljast í fjárfestingarflokki (til dæmis fjárfestingar á nýjum mörkuðum).

Mögulegur hagnaður og tap sjóðsins getur aukist með notkun afleiddra fjármálageninga svo sem framvirkra gjaldeyrissamninga sem fjárfestingastjóri sjóðsins notar til að vinna á móti gengisáhættu. Þessi mögulegi hagnaður og tap getur ekki farið yfir 100% af virði sjóðsins.

Þessi hlutabréfaflokkur sjóðsins greiðir ekki út neinar tekjur. Allar tekjur sem skapast eru endurfjármagnaðar í sjóðnum.

Mælt er með því að þú haldir fjárfestingunni þinni í sjóðnum í 3 til 5 ár.

Þú getur selt hlutabréf þín í sjóðnum hvern þann dag sem almennir bankar eru venjulega opnir á Írlandi og í Bretlandi. Til að fá frekari upplýsingar vinsamlegast lítið á „Innlausnarbeiðnir“ í útboðslýsingunni sem fáanleg er hjá stjórnanda.

Til að fá frekari upplýsingar um fjárfestingarstefnu sjóðsins skoðið „Fjárfestingarmarkmið, stefnu og hlutabréfaflokka sjóðsins“ í útboðslýsingunni sem fáanleg er hjá stjórnanda.

## Áhætta og ávöxtun

Minni áhætta, Mögulega minni ávinningur	Meiri áhætta, Mögulega meiri ávinningur					
1	2	3	4	5	6	7

Mælikvarðinn hér að ofan sýnir hve fjárfestingarárangur hefur breyst mikið yfir tíma. Lægsti flokkurinn merkir ekki að þetta sé áhættalaus fjárfesting. Þetta hefur verið reiknað fyrir 5 ára tímabil. Þar sem sjóðurinn hefur ekki verið til svo lengi er notuð dæmigerð viðmiðunarávöxtun. Ekki er tryggt að áhættu- og ávöxtunarmælikvarði sjóðsins haldist óbreyttur og hann getur breyst með tímanum.

Sjóðurinn er með einkunnina 3 vegna þess að sjóðir af þessari gerð hafa hækkað og lækkað í meðallagi að virði í fortíðinni.

Fyrri arðsemi er ekki trygging fyrir framtíðararðsemi. Virði hlutabréfa getur lækkað jafnt sem hækkað. Fjárfesting í sjóðnum felur í sér hættu á tapi, þar á meðal hættu á að tapa allri fjárfestingarupphæðinni.

Helstu áhættuþættir eru:

Hættan á virðistapi vegna þess að útgefandi skuldabréfs getur ekki greitt vexti eða endurgreitt fjárfestingarupphæðina á gjalddaga. Aukin áhætta er við skuldabréf sem gefin eru út af ríkisstjórn þvi erfitt gæti reynst að lögsækja ríkisstjórn eða land ef vextir eru ekki greiddir eða fjárfestingarupphæðin er ekki endurgreidd á gjalddaga.

Hætta á að ekki sé hægt að selja skuldabréf auðveldlega, fljótt eða á góðu verði. Þessi áhætta getur verið meiri þegar sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum ef vextirnir og upphæðin, sem fjárfest er í skuldabréfunum, eru aðlöguð til að bæta upp fyrir áhrif verðbólgu eða þegar skuldabréf eru gefin út af ríkisstjórn í nýmarkaðsríki.

Hætta á tapi í kjölfar breytinga á gengi vegna þess að sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum og öðrum gjaldmiðlum en gjaldmiðli þessa hlutabréfaflokks. Í þessum hlutabréfaflokki verður leitast við að minnka þessa áhættu með gengisáhættuvörn og nota í því skyni afleidda fjármálageninga svo sem framvirkra gjaldeyrissamninga.

Hætta á tapi, gjaldþroti eða þjóðnýtingu undirvörsluaðila, skráningaraðila eða miðlara, eða þar sem skráningu eignarhalds er ekki viðhaldið eða hún ekki virt.

Frekari upplýsingar um áhættuna sem sjóðurinn stendur frammi fyrir má finna í kaflanum „Áhættuþættir“ í lýsingunni.

Global Bond-áætlunin („varan“) hefur eingöngu verið þróuð af Colchester Global Investors Ltd. Varan er ekki á neinn hátt tengd eða nýtur styrkja, stuðnings, er seld eða kynnt af London Stock Exchange Group plc eða fyrirtækjum þess (í heild sinni, „LSE-hópurinn“). FTSE Russell er viðskiptaheiti ákveðinna fyrirtækja í LSE-hópnum. Öll réttindi í FTSE World Government Bond-vísitölunni („vísitalan“) ganga til þess fyrirtækis innan LSE-hópsins sem á vísitöluna. FTSE® er vörumerki viðkomandi fyrirtækis LSE-hópsins og önnur fyrirtæki LSE-hópsins nota það með leyfi. TMX® er vörumerki TSX, Inc. og notað af LSE Group með leyfi. Vísitalan er reiknuð af, eða af hálfu, FTSE Fixed Income, LLC eða hlutdeildarfélagi þess, umboðsmanni eða félagi. LSE-hópurinn samþykkir ekki neina ábyrgð gagnvart neinum aðila sem kemur til vegna (a) notkunar á, trausti á eða skekkju í vísitölunni eða (b) fjárfestingu í eða starfrækslu vörunnar. LSE-hópurinn leggur ekki fram neina fullyrðingu, spá, ábyrgð eða staðhæfingu, hvorki til þeirra niðurstaða sem nást fram með vörunni né hentugleika vísitölunnar fyrir tilganginn sem Colchester Global Investors Ltd. notar hana til.




## Gjöld til sjóðsins

Gjöldin sem þú greiðir eru notuð til að greiða kostnað við rekstur sjóðsins, þ.m.t. kostnað við markaðssetningu og dreifingu hans. Þessi gjöld skerða mögulega ávöxtun fjárfestingar þinnar.

Eingreiðslugjöld innheimt fyrir eða eftir fjárfestingu	
Gjald við kaup	0,00
Gjald við sölu	0,00
Þetta eru hámarksgjöld sem gætu verið dregin af peningunum þínum áður en söluhagnaðurinn af fjárfestingunni þinni er greiddur út.	
Gjöld sem eru dregin af sjóðnum á ársgrundvelli	
Viðvarandi gjöld	0,60%
Gjöld sem eru dregin af sjóðnum við tiltekna sérstakar aðstæður	
Árangurstengd þóknun	0,00

Upphæðin fyrir viðvarandi gjöld byggir á kostnaði ársins sem lauk 31/12/2020. Þessi tala getur verið breytileg milli ára og inniheldur ekki kostnað vegna verðbréfiðskipta sem til fellur þegar við kaupum eða seljum eignir sjóðsins. Til að fá frekari upplýsingar um gjöld, vinsamlegast skoðið „Þóknunir og útgjöld“ í lýsingunni sem fánleg er hjá stjórnanda í Northern Trust International Fund Administration Services (Ireland) Limited, George's Court, 54-62 Townsend Street, Dublin 2, Ireland, myndasending +353 1 542 2902, tölvupóstur: colchesterglobal@ntrs.com, sími +353 1 434 5110.

## Fyrri árangur



Hafið í huga að afkoma síðustu ára er ekki áreiðanleg vísibending um framtíðarafkomu. Sjóðurinn tók til starfa 2016. Þessi hlutdeildarflokkur tók til starfa 2016.

Sýnd afkoma er byggð á hreinu eignavirði. Fyrri ávöxtun hefur verið reiknuð í USD. Sjóðurinn fylgir ekki viðmiðinu.

■ árleg afkoma hlutabréfaflokks  
■ árleg afkoma viðmiðs sýnd í USD Hedged skilmálar

## Hagnýtar upplýsingar

Northern Trust Fiduciary Services (Ireland) Limited er vörsluadili sjóðsins. Frekari upplýsingar um sjóðinn og hlutabréfaflokka hans, þ.m.t. afrit af lýsingunni og nýjustu árs- og árshlutaskýrslum og ársreikningum, sem eru gerðir fyrir alla verðbréfasjóði innan regnhlífarinnar, er hægt að nálgast á ensku hjá stjórnanda í: Northern Trust International Fund Administration Services (Ireland) Limited, George's Court, 54-62 Townsend Street, Dublin 2, Ireland, myndasending +353 1 542 2902, tölvupóstur: colchesterglobal@ntrs.com, sími +353 1 434 5110.

Nýjustu einingaverð og frekari hagnýtar upplýsingar um sjóðinn má nálgast á [www.colchesterglobal.com](http://www.colchesterglobal.com).

Írsk skattalög geta haft áhrif á skattalega stöðu fjárfesta. Mögulegum fjárfestum er ráðlagt að leita ráða hjá sérfræðingum varðandi hugsanlega skattlagningu eða aðrar afleiðingar af því að fjárfesta í hlutabréfunum.

Þú getur sýnt hlutabréfum þínum í sjóðnum fyrir hlutabréf í öðrum flokki og/eða öðrum undirsjóði sem þú uppfyllir skilyrði til að fjárfesta í.

Frekari upplýsingar má fá hjá stjórnanda á Northern Trust International Fund Administration Services (Ireland) Limited.

The Colchester Multi-Strategy Global Bond Fund plc ber aðeins ábyrgð á grundvelli yfirlýsinga sem koma fram í skjali þessu og eru villandi, ónákvæmar eða í ósamræmi við viðkomandi hluta lýsingar sjóðsins.

Sjóðurinn er undirsjóður The Colchester Multi-Strategy Global Bond Fund plc sem er regnhlífarsjóður með aðskilda ábyrgð á milli undirsjóða. Þetta þýðir að eignir og ábyrgðir hvers undirsjóðs eru aðgreindar samkvæmt lögum frá öðrum sjóðum.

Nákvæmar upplýsingar um núverandi starfskjarastefnu, sem inniheldur lýsingu á hvernig vinnulaun og aðrar greiðslur eru reiknaðar út og hverjir bera ábyrgð á að veita þær, má nálgast á [www.colchesterglobal.com](http://www.colchesterglobal.com). Upplýsingarnar eru fánlegar á pappír án endurgjalds ef óskað er.

*Denna fond är ett fondföretag som är auktoriserat i Irland och tillsyn över fonden utövas av Central Bank of Ireland.*

*Þessar lykluupplýsingar fyrir fjárfesta eru réttar miðað við 15/02/2021.*

The Colchester Global Bond Enhanced Currency Fund, Hlutdeildarflokkur: USD Hedged Accumulation Class - I Shares, Lykilupplýsingar fyrir fjárfesta, ISIN: IE00BD6SNF43, As of: 15/02/2021